

Skólaráðsfundur 4.júní 2018 kl. 16:15

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Sigríður Halldórsdóttir, Guðrún I. Stefánsdóttir, Erla Björnsdóttir, Óskar Kristjánsson, Ólöf Sívertsen.

Fundarritari: Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Lesfimiárangur nemenda í maí 2018.

Niðurstöður skoðaðar. Skólinn kemur vel út í samanburði við landið. Skráningarhlutfall er líka yfir landsmeðaltali.

2. Samræmd próf í 9. bekk vorið 2018 – Jóhanna fór í gegnum niðurstöður samræmda prófa. 62 tóku stærðfræðiprófið. Miklu fleirir nemendur sem fengu B+ en í fyrra.

Íslenskupróf tóku 41 nemandi. Erfitt að bera saman því það voru færri nemendur sem tóku prófið í ár. Ekki samanburðarhæft.

Enska: 45 tóku prófið. Fengum bara raðtölu í stærðfræði.

3. Ný persónuverndarlög og þýðing þeirra fyrir skóla. Mun hafa mikla þýðingu fyrir skólana og líka fyrir sveitafélag. Unnið er að áhættumati fyrir skólann og það skráð í þar til gert form. Foreldrar fá minna aðgengi að skólastofunni, verða að koma á skrifstofuna áður. Það verður að prenta allt út og setja í persónumöppu barns, sem fer síðan í skjalavistun að lokinni skólagöngu þess.

4. Kannanir:

- a. Eineltiskönnun í 5. – 10. bekk : Fyrirlögn lokið en úrvinnslu ólokið.

- b. Nemendakönnun 5. – 10. bekkur: Fyrirlögn lokið en úrvinnslu ólokið.

- c. Foreldrakönnun: Er í gangi núna

- d. Skólapúlsinn í leikskóladeildum: Búið að leggja fyrir en ekki búið að kynna niðurstöður.

- e.

5. Upplýsingar um stöðu starfsmannamála fyrir haustið: Auglýst fyrir helgina núna í þriðja sinn. Vantar starfsmann í Fellið og í sérdeild. Vantar einn kennara á yngsta stig og mögulega á miðstig, vantar einn kennara á elsta stig og tónmenntakennara. Þar að auki stuðningsfulltrúa og starfsmenn í Frístund.

Skólaráðsfundur 4.júní 2018 kl. 16:15

6. Nemendafjöldi og þróun: 696 nemendur í júní 2017 og í desember eru þeir 707. 4.júní 2018 eru 705 nemendur en fyrir haustið 2018 eru skráðir 683 nemendur.
7. Nýir fulltrúar í skólaráð frá hausti 2018: Kristín Ásta kemur ný inn í haust og Ólöf Sívertsen heldur áfram frá foreldrafélaginu. Jóhanna Hjörleifsdóttir er einnig áfram frá grenndarsamfélaginu.
8. Önnur mál: Farið yfir skipulag í kringum íþróttir og sund á Höfðabergi 2018-2019. Heill árgangur mun fara á sama tíma í Lágafell þrisvar í viku og skiptast á að fara í íþróttir og sund.